

STJARNAN Í NORDRINU

Þó að ég hafi enga stund lagt á stjörnuspáfræði (Astrologi), og leyfi mér ekkert um hana að dæma, þótti mér alltaf dálítið gaman að árbók dr. Kronstrøms, stjörnuspámannsins danska, sem nú er dáinn fyrir nokkrum árum. Í árbók sinni 1930, ritar hann, s. 83, um „Manden fra Norden“. „Han sysselsætter stadig fler og fler,“ segir dr. Kr., „Han arbejder i deres Sind og Tanker Hvorfor træder han saa ikke offentlig frem? ... Sikkert er det, at der i stigende Grad udgaar Impulser fra Norden — stærke Tankelyn — Østens Stjerne er gaaet ned. Men højt paa Himlen funkler Nordstjærnen.“

Hér er talað um mann norðurfrá, hann hugsar sterkar hugsanir, sem hafa áhrif á fleiri og fleiri. „Stjarnan í austri er sest,“ segir spámaðurinn, „en hátt á himni blikar stjarnan í norðri.“

Það er óneitanlega dálítið gaman að þessu. Eins og ég hefi minnst á í Ennýal, s. 95—6, segir Annie Besant, að hún „sjái stjörnuna, sem skín alltaf yfir eynni hvítu.“

Ef mig misminnir ekki hefi ég einhversstaðar séð, að það sem A. B. kallar „Eyna hvítu“ sé í dulrænum fræðum nefnt Shambhala. En H. J. Forman segir í mikilli bók um spádóma í sögu mannkynsins: The Story of Prophecy in the Life of Mankind, N. Y. 1940, 2. útg., s. 323—4, að Shambhala sé einhversstaðar í auðnum Norður-Asíu (þ. e. einhversstaðar langt norðurfrá), þar sem samkvæmt trú, sem útbreidd er í Asíu, eigi heima konungur andans (The Spiritual King of the World) er bráðum sé von á að birtist mannkyninu.

Í þessu sambandi má minna á spádóma frú v. Ferriëm, sem áður er getið um, en hún segir m. a.:

Wer ist der Menschenfreund der grosse
Der Licht bringt in die Erdennacht
Es ist kein Christus, ist kein Mose
Man wird sich irren, wenn man's sagt.

ENN Á Í ÞESSU SAMBANDI HEIMA AÐ MINNA Á LJÓSIÐ FRÁ ÍSLANDI, SEM Rutherford segir að von sé á, OG BOÐSKAP HINS ÁGÆTA Tiny UM HINA ÁRÍÐANDI KENNINGU, SEM Í VÆNDUM SÉ BRÁÐLEGA OG HEFJAST MUNI Í Vesturlöndum.

Hér ber allt nokkurn veginn að sama brunni.

Stjörnuspámaðurinn spyr hvers vegna þessi maður að norðan, sem hugsar stórar hugsanir, komi ekki fram fyrir almenning, og má þar til svara, að hann er kominn fram, þó að almenningur hafi ekki áttað sig á því.

Hafa spámennirnir sjálfir gert nokkuð til að tefja fyrir skilningi, með því að nota of stórkostleg orð, eins og Spiritual King (andlegur konungur), Weltreformator (heimsumbótamaður), „endurkoma Krists“ (þar sem þó frú v. F. er svo merkileg undantekning) o. fl. En í sannleika ekki um annað að ræða en fátækan og framalítinn fræðimann, sem hugsað hefir nokkrar hugsanir, er ekki hafa verið hugsaðar áður, en ekki verður þó án verið, ef mannkynið á að geta komist á leið sannra framfara.